


Lóðamynd 1:200

**Byggingarlýsing.**

Sótt er um að breyta innra fyrirkomulagi í rými 0103 þannig að húsnæðið henti áfram veitingastaður í flokki III tegund b (bar), þó með þeirri breytingu frá því sem verið hefur að nú verður seldur einfaldur matur eins og "hamborgarar og franskar", auk áfengra drykkja.

**Eldri lýsing:**

Sótt er um að breyta innra fyrirkomulagi í rými 0103 þannig að húsnæðið henti sem veitingastaður í flokki III tegund b (bar). Þar verða seldir áfengir drykkir og einfaldur matur. Sæti verða fyrir 60 gesti, auk "pool"-borða, aðstöðu fyrir pílukast og fótboltaspil. Samtals er gert ráð fyrir að hámarki 80 gestum.
Þá verða 3 snyrtingar með 3 klósettskálum, 3 þvagskálum og 5 vöskum auk snyrtingar fyrir starfsfólk. Inn af bar verður aðstaða fyrir uppþvott, *eldamennsku* og ræstikompa.
Starfsmenn verða allt að 3 á vakt samtímis og verða með aðstöðu í austurenda húsnæðisins.
Nýjir veggir verða gifsklæddir með stáluppistöðum. Trévirki í veggjum og þaki verður málað með eldheldri málningu í flokki 1 með viðkenndum aðferðum. Í húsnæðinu verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi, í samræmi við kafla 9.4.2 í byggingarreglugerð. Flóttaleið úr veitingasal verður um áður samþykkta hurð sem verður "endurvakin", þannig að einsaklingur í hjólastól eigi greiða leið út úr húsnæðinu við eldsvoða. Útlit breytast ekki.

**Enn eldri lýsing:**

Sótt er um að breyta innra fyrirkomulagi í rými 0101 og 0202 við Bæjahraun 26. Lnr. 120251, stgr. 1660 0260
Um er að ræða tilfærslu á brunavegg milli eininganna. og lítilsháttar breytingu á innréttingum í því sem verður rými 0102. Útlit hússins er óbreytt frá því sem verið hefur. Upprunalegir hönnuðir voru Sigurður Þorvarðarson Erlendur Hjálmarsson.
Búið er að greiða gatnagerðargjöld vegna efri hæðar, ekki er samt gert ráð fyrir henni á þessari teikningu.

**Gólf:**
Gólfplata er steypt, gólfplata gert er ráð fyrir að gólfplata og sökkull séu einangruð með 100 mm einangrun.

**Útveggir:**
Útveggir hússins eru byggðir úr steinsteypu, gert er ráð fyrir að þeir séu einangraðir að innan með 100 mm einangrun.

**Þak:**
Þak húsins er gert úr timbursperrum, borðaklætt, með pappa og klætt báruðum stálplötum. Klædd að innan yfir rakaþéttilag. Einangrað með steinull.

**Innveggir:**
Innveggir eru léttir timbur- eða blikkgrindarveggir, klæddir gifsplötum.

**Gluggar:**
Gluggar eru smíðaðir úr áli/timbri í samræmi við gildandi staðla. Gler er tvöfalt K-gler eða sambærilegt. Þar sem björgunarop eru í gluggum er ljósmál opsins 60 x 90 cm. eða meira.

**Brunavarnir:**
Brunamótstaða einstakra byggingahluta og brunavarnir verða í samræmi við Byggingareglugerð.
Brunamótstaða einstakra byggingarhluta er tilgreind á uppdráttum þar sem því er komið við. Klæðningar innanhúss eru í flokki 1. Út og neyðarlýsing í lager/ verslunum og við flóttaleiðir.
Húsið er 3 brunahólf hvert með tveim óháðum flóttaleiðum. Viðvörun verður með reykskynjurum í hverju rými. Slökkvitæki skului vera í öllum einingum.

**Upphitun og lagnir:**
Húsið er hitað með hitaveitu, lagnir eru lagðar í lagnagrind á útvegg, í innveggi eða undir gólf eftir aðstæðum. Lokuð rými eru loftræst, á vélrænan eða náttúrulegan hátt eftir aðstæðum.

**Lóð:**
Lóð er óbreytt frá því sem nú er.

**Bílastæðabókhald:**
Á uppdráttum eru sýnd 24 bílastæði á lóð. Í húsinu verður 522,8 fermetrar af lagrer, verslunar og skrifstofuhúsnæði. Bílastæða þörf er eitt stæði á 35 m2 eða 15 stæði.

**Helstu stærðir:**

| | |
|---|---|
| Rúmmál húss (leiðrétting frá fyrri skráningu): | 2060,4 m3 |
| Flatarmál húss: | 522,8 m2 |
| Stærð lóðar: | 1817,1 m2 |
| Nýtingarhlutfall (1817,1/522,8): | 0,29 |

Samþykkt þann 15. JAN. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Samþykkt þann 07. APR. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
3/1 2020




SNEIÐING A-A, MKV 1:100

BREYTINGAR:

| NR. | DAGS. | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

**TEIKNING.IS**
arkitektúr og umhverfi

Hrauntunga 85, 200 Kópavogi
sími: 824 4555 / 552 9696

Gunnlaugur Jónasson kt. 090462 2299
netfang: gunnlaugurj@gmail.com

SAMÞYKKT

Unnið fyrir: Innak ehf, kt: 620107-1070

VERK: Íslenski rokkbarinn
Bæjarhraun 26, Hf

TEIKNING: Lóðamynd, snið og byggingarlýsing

KVARÐI: 1:200 & 1:100

DAGS. 27.12.2019

TEIKNAÐ AF: GJ

TEIKNING NR. 190602